

Skýrsla æskulýðsnefndar Ljúfs til LH fyrir starfsárið 2006 til 2007

Í æskulýðsnefnd störfuðu á tímabilinu Anna Björg Níelsdóttir, Margrét Stefánsdóttir Áslaug Fjöla Guðmundsdóttir, Jóhanna Sveinsdóttir og Charlotte Clausen.

Knapamerki í febrúar

Knapamerkjanámskeið hófust í febrúar, bæði II og III stig. Af II stigi útskrifuðust 4 nemendur og af III stigi útskrifuðust 5 nemendur. Unglingarnir eru afar ánægð með þessi námskeið og við teljum að knapamerkið sé eitt það besta námsefni sem er í boði í dag fyrir unglinga í hestamennsku. Með því að bjóða uppá þessi námskeið teljum við að innan félagsins byggist upp öflugur hópur ungmenna í reiðmennsku. Kennari á knapamerki III var Þorvaldur Árni Þorvaldsson og á merki II kenndi Heiðrún Eymundsdóttir.

Sameiginlegur reiðtúr Ljúfs, Háfeta og Sleipnis

Líkt og síðustu tvö ár hittum við börn og unglinga í hestamannafélögunum Háfeta og Sleipni og fórum í reiðtúr saman. Í þetta sinnið voru það Sleipnismenn sem buðu til sín. Reiðtúrin hófst við félagsheimili Sleipnis og var riðin hringur upp með Hvítá og til baka niður Langholtsafleggjara á Selfoss aftur. Þar var boðið uppá pylsur og tilheyrandi. Þökkum við Sleipni góðar móttökur

Almenn reiðnámskeið í júní og júlí

Endurnýjaður var samningur við Hveragerðisbæ þess efnis að æskulýðsnefndin sæi um rekstur reiðnámskeiða í Hveragerði á sumrin. Alls tóku 38 börn þátt í námskeiðunum og komust færri að en vildu. Námskeiðin voru haldin hjá Eldhestum að Völlum og höfðum við aðgang að hestum og reiðtygjum fyrir þá sem það þurftu. Sigrún Sigurðardóttir var kennari á námskeiðunum. Þátttakendur á námskeiðunum fengu allir litabók LH að gjöf að námskeiði loknu.

Fánareið 17. júní

Á 17. júní eru það unglingarnir í Ljúfi sem sjá um fánareið í farabroddi skruðgöngunnar í Hveragerði. Eftir að hafa staðið heiðursvörð teyma þau undir börnum í skiplagðri dagskár hátíðarhaldanna.

Fjáröflun

Gerðir hafa verið þjónustusamningar við Sveitarfélagið Ölfus og Hveragerðisbæ sem tryggja það að nefndin geti niðurgreitt námskeið og aðra atburði.

Kveðja Anna Björg Níelsdóttir Sunnuhvoli Ölfusi